

**Fulltrúaráðsfundur**  
**28. september 2011 kl.19.30**  
**í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15**

Boðað var til fulltrúaráðsfundar með tölvupósti þann 15. september sl.

Mættir voru fulltrúar frá öllum deildum nema: Spaniel-, Schäfer- og Terrierdeild og Svæðafélagi Norðurlands.

Alls 47 félagsmenn.

**Dagskrá:**

1. Stefnumótunarteymi
2. Viðburða- og skemmtinefnd
3. Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ
4. Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum
5. Önnur mál

**1. Stefnumótunarteymi – Upplýsingar um vinnu teymisins – Hafrún Stefánsdóttir**

Sagt var frá vinnu teymisins þar sem m.a. er að koma út bæklingur um hvernig börn eiga að nálgast hunda. Bæklingurinn er gerður að fyrirmynd hundaræktarfélagsins í Sviss og hefur Hafrún þýtt hann yfir á íslensku. Næstu skref að er finna styrktaraðila til að gefa út bæklinginn og í framhaldið verða gefnir út minni upplýsingabæklingar um annað efni tengt hundum.

**2. Viðburða- og skemmtinefnd –Upplýsingar – Vordís Sigurbórsdóttir**

Vordís kynnti árlega Laugavegsgöngu félagsins sem verður laugardaginn 22. október. Mæting við Hlemm kl.13:00, gengið niður Laugarveg og endað í Hljómskálagarðinum. Skilaboð frá DÍF um að félagsmenn verði í sambandi við Ágúst ef þeir óskuðu eftir að hafa spjöld með nöfnum tegunda í göngunni. Blað frá Viðburða- og skemmtinefnd dreift og óskað eftir að fulltrúar deilda upplýstu deildir sínar varðandi gönguna.

**3. Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ**

**Aðalfundur HRFÍ 2011**

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands var haldinn þann 18. maí sl. á Grand Hótel. Mættir voru 139 fundarmenn í Reykjavík og 11 á Akureyri, og fengu 151 félagsmaður afhent kjörgögn. Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson og Margrét Kjartansdóttir voru í framboði til aðalstjórn félagsins. Anna María Flygenring og Björn Ólafsson voru kjörin í aðalstjórn, Auður Sif Sigurgeirsdóttir var kjörin í varastjórn. Jóna Th. Viðarsdóttir var ein í framboði til formanns.

**Stjórn skiptir þannig með sér verkum:**

- Varaformaður- Guðríður Þ. Valgeirsdóttir

- Gjaldkeri- Súsanna Antonsdóttir
- Ritari – Valgerður Júlíusdóttir
- Umsjón með Sólheimakoti- enginn vill taka að sér umsjón.

Nefndarskipan í fastanefndir félagsins er birt á vefsíðu HRFÍ.

Neðangreindar lagabreytingar voru lagðar fyrir aðalfundinn:

**Tillaga að lagabreytingum frá Guðríði Magnúsdóttur:**

Neðangreindar tillögur taka til nokkurra lagagreina þar sem bætast við ákvæði um birtingu á heimasíðu félagsins.

**Breyting á 8. grein , lið 10:**

Setningunni „*Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins.*”

Verði breytt í „*Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins og á heimasíðu félagsins*”

**Breyting á 10. grein.**

Aftan við 10. grein bætist við eftirfarandi ákvæði:

„*Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.*”

**Breyting á 29. grein:**

Setningunni „*Lagabreytingartillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins a.m.k. viku fyrir aðalfund.*”

**Greinargerð með tillögu:**

Ljóst er að margt landsbyggðarfólk hefur ekki verið að gera sér ferð í bæinn á skrifstofu félagsins til að kynna sér þær lagabreytingar og tillögur sem koma til umfjöllunar fyrir aðalfund. Mikilvægt er að auðvelda aðgengi allra félagsmanna að þessum upplýsingum og heimasíða félagsins er kjörinn vettvangur til þess.

**Bókun fundarritara aðalfundar:**

*Fram kom að tillagan er studd heilshugar af stjórninni. Tillöguna þarf að samþykka með 2/3 hluta atkvæða. Var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu.*

**Tillaga að lagabreytingum frá Guðríði Magnúsdóttur**

Neðangreindar tillögur taka til nokkurra lagagreina þar sem bætast við ákvæði um rafrænar kosningar til stjórnar HRFÍ.

Breyting á 8. grein, lið 1:

Á eftir setningunni „Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað komi: Lokað fyrir rafræna kosningu formanns og /eða annarra stjórnarmanna.

Breyting á 8. grein, liður 7:

Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10. gr. verði breytt í: Úrslit úr rafrænni kosningu til formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10 gr. liggur fyrir.

Breyting á 9. grein,

Setningin „Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu” verði breytt í „Atkvæðagreiðsla á fundarstað fer fram með handauppréttingu.

Setningin „Við kosningar á milli manna skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það” verði breytt í „Við kosningar á milli manna á fundarstað skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver fundarmann fram á það.

Breyting á 10. grein.

Á eftir setningunni „Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara” bætist við „Kosning skal vera rafræn. Lykilorð vegna kosninga skal sendast félagsmönnum með örugum hætti a.m.k. fjórum virkum dögum fyrir aðalfund”

### **Greinargerð með tillögu:**

Ljóst er að margir félagsmenn hafa ekki verið að gera sér ferð á aðalfund félagsins til að nýta sér atkvæðarétt sinn til stjórnarkjörs. Mikilvægt er að auðvelda aðgengi allra félagsmanna á að kjósa í stjórn félagsins hverju sinni þar sem stjórn félagsins hingað til hefur einungis haft kosningu frá um 10% félagsmanna. Félagsmenn HRFÍ hafa margoft á aðalfundum samþykkt tillögu um að taka upp utankjörfundaratkvæðagreiðslu, en stjórn félagsins ekki framkvæmt ennþá.

### **Bókun fundarritara aðalfundar:**

*Fundarstjóri tók að sér að gera grein fyrir lagabreytingartillögunum. Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður HRFÍ, lagði til að lagabreytingartillögunni yrði vísað frá vegna þess að samhljóða tillaga hefði verið borin undir atkvæði og felld fyrir ári síðan en tillaga um fundi annarsstaðar á landinu samtímis fundi í Reykjavík hefði verið samþykkt og sú framkvæmd væri nú til reynslu.*

*Kosið var um dagskrártillögu Jónu Th. Viðarsdóttur, formanns félagsins, þess efnis að lagabreytingartillögu Guðríðar Magnúsdóttur nr. 2 yrði vísað frá og urðu úrslit þeirrar kosningar, sem fram fór með handaruppréttingum, að lagabreytingartillögunni var vísað frá með meirihluta greiddra atkvæða.*

### **Tillaga að lagabreytingu frá Þorsteini Kristinssyni, Huldu Björt Magnúsdóttur, Ingu Fanney Egilsdóttur, Þórarinni Pálssyni, Sigrúnu Grétu Einarsdóttur, Ásthildi Bragadóttur og Klöru Guðrúnu Hafsteindóttur.**

Neðangreind tillaga tekur til breytinga á 10. grein laga HRFÍ um kjör til stjórnar félagsins. Breytingin tekur til ákvæðis um endurkjör.

Eftir breytingu yrði 10. grein laga HRFÍ eftirfarandi:

„10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt en enginn skal þó sitja lengur í stjórn en þrjú kjörtímabil (sex ár) samfellt en getur að einu kjörtímabili liðnu (tveimur árum), gefið kost á sér aftur. Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert”

### **Greinargerð með tillögu:**

Breyting á ákvæði um endurkjör er fyrst og fremst hugsuð til að tryggja eðlilega endurnýjun á stjórninni og fyrirbyggja stöðnun í uppbyggingu félagsins. Hætt er við að sú reynsla og þekking sem myndast innan stjórnarinnar dreifist á of fáar hendur og að það hamli eðlilegri þróun félagsins. Einnig virkar það sem hvati á þá sem láta félagið sér varða að koma sér á framfæri þegar fleir sæti í stjórninni losna. Endurkjör sitjandi stjórnarmanna hefur oftast verið gulltryggt og óhjákvæmilega dregur það úr vilja áhugasamra að gefa kost á sér. Nýjar áherslur koma með nýju fólki og tryggja þarf að stjórn HRFÍ verði sá farvegur sem tryggir framþróun félagsins en verði ekki hamlandi afl staðnaðra viðhorfa.

### **Bókun fundarritara aðalfundar:**

*Fundarstjóri tók að sér að gera grein fyrir lagabreytingartillögu nr. 3.*

*Opnuð var mælendaskrá um tillöguna og tók Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður, til máls. Var megininntak máls hennar að sú framkvæmd sem væri við lýði væri eins lýðræðisleg og hugsast gæti og það væri misskilningur að endurkjör væri gulltryggt. Að lokum lagði formaður til að tillögunni yrði vísað frá. Gerð var athugasemd við að allir viðstaddir hefðu ekki kosningarétt á fundinum og því voru greidd atkvæði með uppréttingu kjörseðla.*

*Eftir að kosning hafði farið fram með handauppréttingu kjörseðla kom fram að farið hafði verið fram á skriflega kosningu á fundinum á Akureyri. Hafnaði fundarstjóri því þar sem tillagan væri of seint fram komin.*

*Var kosningin endurtekin eins og fyrr, með handauppréttingu atkvæðaseðla og fór atkvæðagreiðslan eins og hér segir: Já: 51 Nei: 68. **Dagskrártillaga um að vísa lagabreytingartillögunni frá var því felld.***

*Farið var fram á skriflega kosningu um lagabreytingartillöguna og var það samþykkt.*

*Úrslit skriflegra kosninga um lagabreytingartillöguna urðu þau að tillagan var felld.*

*Atkvæðagreiðsla fór eins og hér segir: Já: 76 Nei: 68 Auðir: 4 Ógildir: 1*

*A.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða fundarmanna þarf til að lögum félagsins verði breytt á aðalfundi.*

### **Tillaga að lagabreytingu frá stjórn HRFÍ**

Tillagan tekur til breytinga á grein 27 í kaflanum IX. Siðanefnd og agareglur. Breytingin tekur til ákvæðis siðanefndar um birtingu úrskurða.

27. grein hljóðar svo:

“Siðanefnd kemur saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ. Aðilar málsins mega tjá sjónarmið sín fyrir nefndinni og skal hún leita sátta en úrskurða ella. Mál skulu tekin fyrir og afgreidd svo fljótt sem unnt er. Siðanefnd getur úrskurðað í málum til bráðabirgða samkvæmt kröfu málsaðila ef ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Bráðabirgðaúrskurðir siðanefndar gilda í tiltekin tíma og er hámarkslengd slíkra úrskurða 3 mánuðir. Siðanefnd getur í einstökum málum fjölgað í nefndinni með því að kalla inn í hana löglærðan fulltrúa utan félagsins.

Á fundum siðanefndar ræður afl atkvæða um úrskurði nefndarinnar. Úrskurðurinn skal vera rökstuddur og skal ávallt birtur málsaðilum innan viku frá því að úrskurður er kveðinn upp. Úrskurður siðanefndar er endanlegur. Úrskurðir skulu birtir í Sámi og á vefsíðu HRFÍ. Siðanefnd getur endurskoðað ákvarðanir sínar ef ríkar ástæður eru til.”

### **Eftir breytingu yrði 27. grein í kafla IX. Siðanefnd og agareglur eftirfarandi:**

“Siðanefnd kemur saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ. Aðilar málsins mega tjá sjónarmið sín fyrir nefndinni og skal hún leita sátta en úrskurða ella. Mál skulu tekin fyrir og afgreidd svo fljótt sem unnt er. Siðanefnd getur úrskurðað í málum til bráðabirgða samkvæmt kröfu málsaðila ef ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Bráðabirgðaúrskurðir siðanefndar gilda í tiltekin tíma og er hámarkslengd slíkra úrskurða 3 mánuðir. Siðanefnd getur í einstökum málum fjölgað í nefndinni með því að kalla inn í hana löglærðan fulltrúa utan félagsins.

Á fundum siðanefndar ræður afl atkvæða um úrskurði nefndarinnar. Úrskurðurinn skal vera rökstuddur og skal ávallt birtur málsaðilum innan viku frá því að úrskurður er kveðinn upp. Úrskurður siðanefndar er endanlegur. Úrskurðir skulu birtir á vefsíðu HRFÍ. Siðanefnd getur endurskoðað ákvarðanir sínar ef ríkar ástæður eru til.”

### **Greinargerð með tillögu:**

Úrskurðir siðanefndar eru margir og langir. Með því að þurfa að birta þá í félagsblaði félagsmanna er verið að greiða of mikinn pening fyrir lesefni sem auðveldlega er hægt að nálgast á vefsíðu HRFÍ. Ef félagsmenn eru ekki með netið er hægt að láta prenta út úrskurðina á skrifstofu HRFÍ.

### **Bókun fundarritara aðalfundar:**

*Fundarstjóri gerði grein fyrir lagabreytingatillögu nr. 4 og opnaði mælendaskrá um hana. Ragnar Sigurjónsson tók til máls og lýsti sig samþykkan því að úrskurðir yrðu birtir á Netinu en ekki í Sámi. Fleiri tóku ekki til máls og var tillagan borin undir atkvæði. Var kosið með handaruppréttingu með atkvæðaseðlum og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.*

Stjórn hefur fundað 6 sinnum frá aðalfundi í maí. Sumarlokun var á skrifstofu félagsins frá 20. júní – 12. júlí.

### **Deildarsýningar**

Deildarsýning Retrieverdeildar var haldin á Úlfljótuvatni þann 2. júlí, alls voru skráðir 66 retrieverhundar á sýninguna. Dómari var Kate Crosbie-Black frá Írlandi. Schäferdeildin hélt deildarsýningu í Guðmundarlundi í Kópavogi þann 16. júlí þar sem alls 54 schäferhundar voru skráðir til þátttöku, dómari var Fredrik Steen frá Svíþjóð. Báðar sýningarnar voru haldnar úti.

### **Dómaranám**

Haldið var í fyrsta skipti á vegum félagsins dómaranám dagana 2. og 3. júní. Nám þetta er að fyrirmynd DKK fyrir ungt fólk á aldrinum 14-35 ára. Svend Løvenkjær, Kresten Scheel og Annette Bystrup dómarafrá Danmörku sáu um námskeiðið. Fimmtán aðilar sóttu námskeiðið og voru þrettán samþykktir til að halda áfram. Unnu þeir í dómhringjum á júnísýningunni með dómurum og stóðu sig með stakri þryði. Einnig unnu nokkrir dómaranemar á ágústýningunni.

Búið er að forvinna reglur um almennt dómaranám fyrir HRFÍ með aðstoð DKK sem á eftir að útfæra nánar. Hundaræktarfélagið í samvinnu við DKK hefur einnig auglýst almennt dómaranám fyrir félagsmenn sína en umsækjendur greiða allan kostnað við námið og þurfa að ferðast erlendis á eigin kostnað. Umsóknarfrestur var til 20. september, hámark 10 nemar eru teknir inn að þessu sinni. Verið er að vinna úr umsóknum og skipuleggja næstu skref námsins.

### **Meistarasýning og augnskoðun 4.-5. júní í Reiðhöllinni í Víðidal**

610 hundar voru skráðir á sýninguna, sem er mun minni þátttaka en var á júnísýninguna í fyrra en þá voru skráðir alls 748 hundar. Þokkaleg aðsókn áhorfenda var m.v. gott veður og hátíðahöld vegna Sjómannadagsins. Dómarafrá Danmörku lofuðu að venju alla umgjörð og skipulagninu og síðast og ekki síst frábært starfsfólk sem vann í dómhringjum.

Finn Bøserup frá Danmörku augnskoðaði 122 hunda. Staðfest var PRA í einum hundi sem var grunaður um PRA í október og verður hundurinn því áfram í ræktunarbanni. Einn hundur fór í ræktunarbann v. Cataract. Mjög margir hundaeigendur mættu ekki með hunda sína í augnskoðunina.

### **Umsagnarbréf vegna frumvarps til laga um innflutning dýra (gæludýr), 668. mál.**

Í júní sl. sendi Hundaræktarfélag Íslands umsögn til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis vegna frumvarps um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, 668. mál.

Félagið hefur ekki heyrt meira um málið. Einn stjórnarmaður skilaði inn sér álitum varðandi umsögnina og studdi ekki frumvarpið.

### **Fullgildur meðlimur FCI**

Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri og Auður Sif Sigurgeirsdóttir stjórnarmeðlimur fóru á aðalfund FCI í París, Frakklandi, í júlí sl. Aðalfundurinn stóð yfir í tvo daga, 5. og 6. júlí sem var sá fjölmennasti í sögu FCI, yfir 150 þátttakendur frá 67 löndum sátu fundinn. Umsókn Hundaræktarfélag Íslands um fulla aðild að FCI var tekið fyrir á fundinum. Áður en kosið var um hvort HRFÍ fengu fulla aðild að FCI hélt Valgerður Júlíusdóttir kynningu á Hundaræktarfélagi Íslands sem endaði með myndbandi af íslenska fjárhundinum. Kynning tókst mjög vel og HRFÍ var einróma samþykkt af öllum fullgildum aðildarfélögum FCI sem fullgildur meðlimur. Þess má geta að á þessu ári fagnar FCI 100 ára afmæli samtakanna. Nú hefur HRFÍ atkvæðisrétt á fundum FCI, getur tilnefnt fólk í hinar ýmsu nefndir, haft áhrif á framgang mála og málefni hunda og hundategunda. Á heimssýningunni í París sem var eftir fundinn keppti Elín Rós Hauksdóttir fyrir hönd HRFÍ í keppni ungra sýnenda í lokakeppninni (final) á sunnudeginum. Elín Rós stóð sig mjög vel og var félagi okkar til sóma þrátt fyrir að komast ekki í sæti.

Á fundinum var kosið um formann FCI og var H. Müller endurkjörinn til tveggja ára. Í stjórn FCI voru eftirtaldir endurkjörnir til fjögurra ára: R. de Santiago (PR), K. Järvinen (FI) and S. Stefik (SK). G. Jipping (NL) var kosin í stjórn til tveggja ára.

Kosning í nefndir innan FCI:

*Laganefnd (Legal Commission)*

J.L. Cunha de Vasconcelos (BR) var kosin til fjögurra ára.

W. Céspedes Arias (CR) var kosinn til tveggja ára.

*Staðlanefnd (Standards Commission)*

J. Nallem (UY) and R. Sporre-Willes (SE) var endurkjörin til fjögurra ára.

*Vísindanefnd (Scientific Commission)*

B. Denis (FR), Z. Trainin (IL) and K. Sainio (FI) voru kjörnir til fjögurra ára.

*Kosning endurskoðanda og fulltrúa hans (The accounts auditor and his deputy)*

N.-E. Ahmansson var endurkjörinn endurskoðandi og D. Skok fulltrúi hans. Báðir kosnir til tveggja ára.

*Heiðursfélagi*

Einróma samþykkt að gera C. Molinari (PT) að heiðursfélagi FCI.

*Kosning um fulla aðild að FCI og hlutaaðild*

Hundaræktarfélög í eftirfarandi löndum voru samþykkt sem fullgildir meðlimir FCI:

Ísland, Indónesía, Singapor og Hong Kong.

Hundaræktarfélög í eftirfarandi löndum voru samþykkt með hlutaaðild:

Kína, Pakistan, Úsbekistan, Svartfjallaland og Níkaragúa.

*Samþykkt að viðurkenna eftirtaldir hundategundir (CACIB-AWARD)*

Berger blanc Suisse (white Swiss shepherd dog)

Dogo Canario

*Heimssýningar - kosningar*

Hundaræktarfélög í eftirfarandi löndum voru kosin til að halda heimssýningar árið 2015 og 2016:

Ítalía, Mílanó (Milan, Italy) árið 2015

Rússland, Moskva (Moscow, Russia) árið 2016.

Sjá nánari upplýsingar í fundargerð: <http://www.fci.be/circulaires2011.aspx>

### **Nýr fuglahundadómari fyrir tegundarhóp 7**

Stjórn HRFÍ hefur samþykkt beiðni dómaraáðs að útskrifa Svafar Ragnarsson sem fuglahundadómara fyrir tegundarhóp 7, standandi fuglahunda. Svafar Ragnarsson er með dómaranúmerið 501101. Þess má geta að Svafar fékk flýtimeðferð á útskrift þar sem hann fékk boð um að dæma alhliðapróf í Noregi 30.-31. júlí. Stjórn HRFÍ óskar Svafari Ragnarssyni innilega til hamingju með þennan áfanga með von um áframhaldandi gott samstarf.

## **Nýr retrieverdómari**

Stjórn HRFÍ hefur samþykkt beiðni stjórnar Retrieverdeildar að veita Sigurmoni Marvini Hreinssyni dómara réttindi til að dæma veiðipróf fyrir retrieverhunda. Sigurmon Marvin Hreinsson er með dómara númerið 201101. Stjórn HRFÍ óskar Sigurmoni Marvini Hreinssyni innilega til hamingju með þennan áfanga með von um áframhaldandi gott samstarf.

## **Alþjóðleg hundskýning HRFÍ 27. – 28. ágúst 2011**

Alls voru skráðir 691 hundur á sýninguna af 81 hundakyni. Dómarar voru fimm, einn tilkynnti forföll vegna veikinda. Þar sem þátttaka var ekki eins og búist var við, þurfti ekki að finna annan dómara. Dómararnir komu frá Belgíu, Noregi og Spáni. Monique Van Bremp (Belgía), Jos De Cuyper (Belgía), Per Iversen (Noregur) og Carlos Fernandez- Renau Glez Anleo (Spánn). Á sýningunni var einnig boðsgestur Hundaræktarfélags Íslands, Karl Donvil. Karl er í ritnefnd FCI blaðsins (Reporter and Photographer, Chief Executive Officer of the World Dog Press Association, Member of the Editorial Board of the FCI Magazine). Karl tók myndir á sýningunni og ætlar að skrifa grein um sýninguna í FCI blaðið ásamt fleiri blöð tengt hundum.

Í keppni ungra sýnendenda tóku alls 21 ungmenni þátt, 7 í yngri flokk og 14 í eldri flokk, dómari var Jos De Cuyper frá Belgíu. Að venju lofuðu dómarar alla umgjörð og skipulagninu og síðast en ekki síst frábært starfsfólk sem vann í dómhringjum.

## **Deildarsýningar 2012**

Hundaræktarfélagið finnur fyrir samdrætti í skráningum á hundasýningar á starfsárinu. Ástandið er það sama í Evrópu og Skandinavíu þar sem þurft hefur að afboða fjölda dómara. Greinilegt er að deildarsýningar HRFÍ á síðasta starfsári, hafa áhrif á fjölda skráninga á föstum sýningum félagsins. Félagsmenn nýta sér ekki allar sýningarnar sem í boði eru. Til samanburðar við fyrri ár má greinilega sjá breytingar:

Febrúar 2010 – 871 hundur, febrúar 2011 – 818 skráðir

Júní 2010 – 748 hundar, júní 2011 – 610 hundar skráðir

Ágúst 2010 – 758 hundar, ágúst 2011 – 691 hundar skráðir

Komið var til móts við félagsmenn þegar alþjóðlegum sýningum var fjölgað um eina á ári. Hundaræktarfélag Íslands hefur nú þegar skipulagt sýningar þrjú ár fram í tímann með tilheyrandi föstum kostnaði og miðað við ofangreint er stjórn HRFÍ sammála um að samþykkja ekki deildarsýningar á næsta ári. Hundaræktarfélagið mun í tíma tilkynna deildum hvaða sér réttindi væntanlegir dómara hafa þannig að deildir geti auglýst það vel. Stjórn HRFÍ hvetur stjórnarmenn deilda að bjóða upp á opnar sýningar. Slíkar sýningar eru kjörnar til að sýna samstöðu og samvinnu innan deilda, er kjörin þjálfun fyrir hundinn og sýnandann og síðast en ekki síst sem þjálfun fyrir dómara og fyrir væntanlega dómara félagsins. Deildarsýningar á árinu stóðust ekki væntingar varðandi fjölda skráninga. Þær standa rétt á núlli eða undir en hafa áhrif á skipulagðar sýningar félagsins.

Vegna fimm deildasýningar (Smáhunda-, Shih tzu-, Mjóhunda-, Yorkshire terrier- og Terrierdeild : Skráning var heldur minni en áætlað var.

Papillon- og phaléndeild: Skráning léleg, tap á sýningu

Spítzhundadeild var með 38 skráningar. Dómari var samnýttur í annað til að dreifa kostnaði og gera þeim kleift að halda sýninguna.

Chihuahuedeild rétt marði núllið fyrir utan skrifstofukostnað, 52 hundar skráðir.

Þriggja deildasýning: Schnauzer 58 hundar/62 hundar, am. cocker sp. 20 hundar og cavalier 51 hundur: Tveir dómarar. Rétt náist að fylla skráningu fyrir am. cocker spaniel

Schäferdeild: 54 skráningar, náðist með góðri samvinnu og jákvæðni

Retrieverdeild: 66 skráningar

## **Breyting á Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ - Breyting á heilsufarskröfum**

Stjórn HRFÍ hefur samþykkt beiðni stjórnar Ensk cocker spaniel- og Cavalierdeildar um nýjar heilsufarskröfur fyrir tegundirnar enskan cocker spaniel og cavalier.

Eftirfarandi breyting gildir nú og er í *Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands*:

### *Enskur cocker spaniel*

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.02.00).

Greinist hundur með arfgengt cataract mun hann verða skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 01. 11. 2011).

Undaneldisdýr skulu hafa undirgengist DNA próf gagnvart progressive retinal atrophy, pred-PRA og niðurstöður kunnar fyrir pörun. Ekki er nauðsynlegt að DNA prófa hunda þar sem fyrir liggur að báðir foreldrar eru PRA hreinir (normal clear by parentage, N/C/P). Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar (carrier). Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (normal clear, N/C eða normal clear by parentage, N/C/P). (Gildir frá 01. 11. 2011)

Undaneldisdýr skulu hafa gengist undir DNA próf gagnvart familial nephropathy (FN) og niðurstöður vera kunnar fyrir pörun. Ekki er nauðsynlegt að DNA prófa hunda þar sem fyrir liggur að báðir foreldrar eru FN hreinir (normal clear by parentage, N/C/P). Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem FN berar (carrier). Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem FN beri svo framarlega að hinn hundurinn sé FN hreinn (normal clear, N/C eða normal clear by parentage, N/C/P). (Gildir frá 01. 11. 2011)

### *Cavalier king charles spaniel*

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 25 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.07.2009).

Ekki skal rækta undan hundum, sem greinast með eftirtalda augnsjúkdóma: PRA, Starblindu (Juvenile cataract), meðfædda starblindu (Microphthalmia cataract), Retinal Dysplasia geographic/detached eða Multifocal Retinal Dysplasia. Greinist hundur með einhvern af ofangreindum augnsjúkdómum fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. (Gildir frá 01.08.2006).

Hjartavottorð: Vottorð undaneldishunda má ekki vera eldra en 6 mánaða við pörun og skulu þeir vera án murrar þar til 6 ára aldri er náð (gildir fyrir paranir frá og með 1. júlí 2009).

Vottorð eftir að 5 ára aldri undaneldishunda er náð gildir í eitt ár. Vottorð eftir 7 ára aldur undaneldishunda gildir ævilangt. (Gildir frá 01.01.2008). Hjartavottorð þarf að fylgja ættbókarskráningu og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Niðurstaða DNA prófa vegna Episodic Falling og Curly Coat skal vera ljós fyrir pörun. Arfbera má para með fríum einstaklingi. Hundar sem hafa (affected) EF eða CC fara í ræktunarbann. Ef báðir foreldrar undaneldishunda eru frír þarf ekki að DNA prófa afkvæmi þeirra. Sýnataka þarf að fara fram hjá dýralækni eða stjórn deildarinnar sem einnig sjá um að póstsenda sýnin. (Gildir frá 01.11.2011)

## **Breyting á alhliðaprófi fuglahunda varðandi tegund á bráð**

Stjórn HRFÍ hefur samþykkt beiðni Fuglahunda-, Írsk setter- og Vorstehdeildar um að breyta reglu á alhliðaprófi varðandi bráð í vatnavinnu og vinnu á slóð. Eftirfarandi breyting gildir nú:

### b) Vatnavinna

Prófa skal áhuga hundsins á að vinna í vatni, hæfni hans til að vinna með leiðanda sínum í að staðsetja bráð og sækja hana í vatn. Nota skal dauða máfa, *svartfugla* eða endur sem bráð til að sækja. Við upphafsstað skal dómari tilkynna leiðanda hvar hann og hundurinn eiga að vera þegar fuglinum er kastað. Það skal vera minnst 5 metra frá vatnsbakkanum og staðsetningin þannig, að hundurinn hafi góða möguleika á að sjá þegar fuglinum er kastað. Á þessum sama

stað skal leiðandi hundsins halda sig á meðan hundurinn vinnur og má hann aðeins stjórna hundinum með bendingum, köllum og flautu. Hundurinn skal skila á sama stað.

c) Vinna á slóð (aðeins í OF)

Prófa skal eiginleika hundsins til að rekja slóð og sækja særðan fugl.

Nota skal rjúpu, önd, **máf eða svartfugl** sem bráð samkv. ákvörðun prófstjóra. Nota má upp þýddan fugl úr djúpfrysti.

### **Vinnupróf**

Stjórn hefur samþykkt vinnupróf Vinnuhundadeildar fyrir árið 2012. Upplýsingar um vinnuprófin eru auglýst í Sámi og á vefsíðu deildarinnar.

### **Dýravelferð tillögur álitsumleitan – Frumvarp til laga um dýravelferð**

Stjórn Hundaræktarfélag Íslands metur það mikils að fá tillögurnar til umsagnar og fagnar að búið sé að endurskoða dýraverndunarlögin nr. 15/1994. Hundaræktarfélag Íslands gerði tvær athugasemdir við frumvarp til laga um dýravelferð. Einnig óskaði stjórn HRFÍ eftir upplýsingum um hver sé rökstuðningurinn fyrir fjölda dýranna og á hvern leyfið er skráð þ.e. á kennitölu eða heimili.

Aðalfundur FCI Evrópuhlutans (FCI Europe Section General Assembly) í Leeuwarden í **Hollandi 5. september** (FCI Europe Section General Assembly). Fundinn sátu Jóna Th. Viðarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

*Fundargerð fundarins:*

Minutes of the General Assembly of the FCI European Section **on 5 September 2011 in Leeuwarden, the Netherlands**

#### **Opening of the meeting and briefing by the president**

The president of the European Section, Mr Jørgen Hindse, Denmark, opened the meeting at 09.30 with a warm welcome to the participants and thanked Mr Gerard Jipping and the Raad van Beheer for the excellent organisation of the FCI European Dog Show, the Show Judges Congress and the FCI Europe Section General Assembly. The show had been running smoothly and on time, and the judges and FCI delegates had been met with great hospitality, which made everybody feel very welcome and comfortable.

A roll call showed the presence of **31 full member countries + 1 proxy, 1 associated member country** and no contract partners. This meant that the majority of votes would be **17 votes**.

#### **Minutes of the Europe Section general assembly in Celje, Slovenia, on 4 October 2010**

There were no comments to the wording of the minutes.

The meeting then moved forward to the actual agenda for the general assembly.

##### **a) Acceptance of the annual report**

The president's annual report had been sent to the members in advance and the assembly did not find it necessary to have the report read aloud.

There were no comments to the report.

The annual report was then approved unanimously.

